

EKKI Í LAGI!

Hvað er hatusræða
og hvernig getum við
barist gegn henni?

Hvað er hatursræða?

Hatursræða er orð, myndir eða önnur tjáning sem breiðir út eða hvetur til haturs gegn einstaklingi sem tilheyrir tilteknum hópi eða tilteknum hópi einstaklinga. Stundum er þetta líka kallað hatursáróður eða hatursorðræða.

Hatursræða getur til dæmis beinst að:

- kyni
- þjóðernisuppruna
- trúar- eða lífsskoðun
- fötlun
- kynhneigð, kyngervi eða kynvitund

Hatursræða getur verið margs konar. Til dæmis eitthvað sem sagt er í skólanum, í partýi eða annars staðar, símaskilaboð eða skrif á samfélagsmiðlum eða annað. Stundum getur hegðun sýnt hatur, eins og grettur eða líkamstjáning.

Sum hatursræða er refsiverð. Samkvæmt íslenskum hegningarlögunum getur opinber hatursræða gegn einstaklingum eða hópum vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar varðað sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Lögreglan metur í hvert skipti hvort það sem sagt var eða gert, sé refsivert.

>> Þegiðu helvítis píkan þín <<

>> Þú ert ekki Íslendingur, helvítis
múslimasvínið þitt <<

>> OMG (ó mæ god), þú ert eins og
hóra <<

>> Ógeðslegi hommi <<

>> Farðu aftur til helvítis landsins sem
þú komst frá <<

1. hluti: Hvaða afleiðingar hefur hatursræða?

Hatursræða er særandi og getur haft alvarlegar afleiðingar.

Þó það sjáist ekki alltaf þá getur hatursræða látið þér líða illa og valdið neikvæðri sjálfsmynd. Þér finnst þú minna virði, einangraður og útilokaður frá öðrum. Viðbrögð fólks eru mismunandi en eitt er víst: Þetta er ekki í lagi.

Aðrar afleiðingar geta verið stress og einbeitingarskortur, höfuð- og magaverkir, svefntruflanir og breytt matarlyst. Í verstu tilvikum getur fólk ekki tekið þátt í viðburðum eða umræðum. Samt leita margir sem verða fyrir hatursræðu ekki hjálpar af ótta við frekari áreitni eða hótanir.

Að sjá aðra verða fyrir hatursræðu getur haft eins alvarlegar afleiðingar og ef þú hefur orðið fyrir henni sjálf/ur. Þegar aðrir verða fyrir hótunum eða svívirðingum getur þér fundist það beinast gegn þér líka. Það er heldur ekki í lagi.

Margir taka ekki þátt í umræðum þegar þeir verða fyrir áreitni, svívirðingum eða sjá aðra verða fyrir hatursræðu.

Þegar hatursræða verður til þess að fólk dregur sig úr opinberri umræðu, þá heyrast ekki lengur mikilvægar raddir og sjónarmið í samfélaginu.

Það er ekki í lagi.

Hvað getur þú gert?

Verður þú fyrir hatursræðu?

- Segðu einhverjum sem þú treystir frá. Skólinn og kennararnir eiga að hjálpa þér þegar þú óskar eftir því.
- Segðu strax frá, svo hægt sé að hjálpa þér og stöðva hatursræðuna.
- Vistaðu skilaboðin eða myndina (með því að taka skjámynd) svo þú getir sýnt öðrum hverju þú hefur orðið fyrir.
- Margar vefsíður hafa tilkynningarhnappa. Þú getur tilkynnt atvikið sama hvort það brýtur eða brýtur ekki gegn reglum síðunnar eða er refsivert. Ef ekki er tilkynningarhnappur á síðunni þá geturðu fundið upplýsingar um eiganda lénsins á whois.com. Þú getur líka tilkynnt óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu á www.saft.is.

Sérðu aðra (verðurðu vitni að) verða fyrir hatursræðu?

- Segðu einhverjum sem þú treystir frá. Skólinn og kennararnir eiga að hjálpa þér þegar þú óskar eftir því.
- Ekki líka við (setja like á) eða dreifa skilaboðum sem auka á hatur.
- Ef þú svarar hatursræðu, gerðu það þá á réttan hátt án þess að vera með persónulegar árásir.
- Margar vefsíður hafa tilkynningarhnappa. Þú getur tilkynnt atvikið sama hvort það brýtur eða brýtur ekki gegn reglum síðunnar eða er refsivert . Ef ekki er tilkynningarhnappur á síðunni þá geturðu fundið upplýsingar um eiganda lénsins á whois.com. Þú getur líka tilkynnt óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu á www.saft.is.

Fólk sem hefur orðið fyrir
hatarsræðu segir:

>> Ég svaf illa af því
ég vissi að ég gæti
fengið skilaboð og
stressaðist af því ég
vissi ekki hvenær það
yrði. <<

>> Ég hef misst
sjálfstraustið. Þó ég
breyti klæðaburði
mínum þá veit ég að ég
fæ samt skilaboð sem
segja mér að ég sé
hóra. <<

Hérna færðu hjálp

www.1717.is

Hjálparsíminn 1717 og netspjallið 1717.is. Þar geturðu talað við fólk um hvað sem er, til dæmis hatursræðu, hótanir, einelti og kvíða.

www.saft.is

Þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar um örugga netnotkun, hatursræðu og einelti á netinu.

www.facebook.com/logreglan

Þú getur sent lögreglunni boð af facebook síðu hennar.

www.logreglan.is

Þú getur sent lögreglunni tölvupóst af heimasíðu hennar.

www.barn.is

Á síðu umboðsmanns barna finnur þú ýmsar upplýsingar, m.a. um netnotkun. Þú getur einnig haft samband.

www.barnaheill.is/forsida

Þar finnur þú ýmsar upplýsingar og getur haft samband.

www.reykjavik.is/bjarkarhlid

Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Þar eru veitt stuðningur og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis.

www.facebook.com/bjarkarhlid

Þú getur líka sent Bjarkarhlíð skilaboð af facebook síðu hennar.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



Nordisk
ministerråd